

# **Kaupfélag Vestur-Húnvetninga**

**Ársreikningur 2022**

## **Efnisyfirlit**

**Bls.**

Skýrsla og áritun félagsstjórnar .....	2 - 3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4 - 5
Áritun skoðunarmanna .....	6
Rekstrarreikningur .....	7
Efnahagsreikningur .....	8 - 9
Sjóðstreymi .....	10
Skýringar .....	11 - 20

Kaupfélag Vestur-Húnvetninga svf.  
Strandgötu 1  
530 Hvammstanga  
kt. 680169-1879

# Skýrsla og áritun félagsstjórnar

## Meginstarfsemi félagsins

Meginstarfsemi Kaupfélags Vestur-Húnvetninga felst í verslunarrekstri á sviði matvöru, sérvöru og byggingavöru. Verslun félagsins er staðsett á Hvammstanga.

## Starfsemin á árinu

Rekstur félagsins var með svipuðu móti í ár og síðast liðið ár. Heildarvelta félagsins nam 945,7 milljónum króna á árinu og hagnaður ársins var 29,7 milljónir króna samanborið við 990,9 milljóna króna veltu og 40,5 milljóna króna hagnað á árinu 2021. Eigið fé félagsins nam 638,1 milljón króna í árslok 2022 samanborið við 608,3 milljónir króna í árslok 2021. Í árslok nam eiginfjárlutfall félagsins 73,6% en var 73,5% í árslok 2021. Hjá félaginu störfuðu 37 starfsmenn á árinu í 21 stöðugildi. Hlutfall kynja er 49% konur og 51% karlar.

Það er álit stjórnar og kaupfélagsstjóra félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrararárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

## Framtiðaráform

Gert er ráð fyrir að rekstur félagsins verði með svipuðu sniði árið 2023 og hann var á árinu 2022.

## Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin víesar til ársreikningsins varðandi ráðstöfun á hagnaði ársins.

## Eignaraðild

Félagsmenn í árslok voru 393 í 6 félagsdeildum en voru 368 í ársþyrjun. Í samræmi við ákvæði laga um samvinnufélög hafa allir félagsmenn jafnan atkvæðisrétt og önnur réttindi þar sem stofnsjóður er eingöngu í A-deild.

## Fjárhagsleg áhættustjórnun

Helsta fjárhagslega áhætta félagsins er útlánaáhætta tengd viðskiptakröfum og lausafjáráhættu. Útlánatöp eru takmörkuð með virkri eftirfylgni við innheimtu og sérstökum innheimtureglum. Markaðsáhætta félagsins vegna fjármálagjörninga er óveruleg. Lausafjáráhætta er lágmörkuð með daglegri sjóðstýringu og samningum um greiðslufresti.

## Atburðir eftir lok reikningsárs

Engir verulegir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsárs.

Stjórn Kaupfélags Vestur-Húnvetninga og kaupfélagsstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.


Hvammstanga, 4. apríl 2023


Gunnar Þórarinsson  
Stjórnarformaður



Ársæll Danielsson  
Meðstjórnandi

  
Guðny Helga Björnsdóttir  
Meðstjórnandi

  
Ólafur Benediktsson  
Meðstjórnandi

  
Þorsteinn H. Sigurjónsson  
Meðstjórnandi

  
Björn Líndal Traustason  
Kaupfélagsstjóri

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og félagsmanna Kaupfélags Vestur-Húnvetninga

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kaupfélags Vestur-Húnvetninga fyrir árið 2022, að undanskilinni skýrslu og áritun félagsstjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

### Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu og áritun félagsstjórnar
- Rekstrarreikning ársins 2022.
- Efnahagsreikning 31. desember 2022.
- Sjóðstreymi ársins 2022.
- Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla og áritun félagsstjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

### Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

### Óhæði

Við erum óháð félagini samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglina sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglina.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og kaupfélagsstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla og áritun félagsstjórnar sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu og áritunar félagsstjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu og áritun félagsstjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla og áritun félagsstjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningum.

### Ábyrgð stjórnar og kaupfélagsstjóra á ársreikningum

Stjórn og kaupfélagsstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og kaupfélagsstjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeiri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendum ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendum beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Áritun óháðs endurskoðanda, framhald

### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftifarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir áliti okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarnar hvort verulegur vafí leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasendum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausu áliti. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum afluð fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrilliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Akureyri, 12. apríl 2023

PricewaterhouseCoopers ehf



Rúnar Bjarnason  
löggiltur endurskoðandi

## Áritun skoðunarmanna

Til stjórnar og félagsmanna Kaupfélags Vestur-Húnvetninga

Við undirritaðir kjönnir skoðunarmenn Kaupfélags Vestur-Húnvetninga höfum yfirfarið ársreikning þennan. Að okkar álti gefur hann glögga mynd af rekstri félagsins og fjárhagslegri stöðu í lok ársins 2022.

Við leggjum til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Hvammstanga, 12. apríl 2023

Guðmundur Ísfeld

*Guðmundur Ísfeld*

Ragnar Gunnlaugsson

*Ragnar Gunnlaugsson*

## Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrartekjur</b>			
Sala verslunardeilda .....		902.467.959	956.234.869
Sala afurða .....		4.463.007	4.162.936
Aðrar tekjur .....		<u>38.732.841</u>	<u>30.545.489</u>
		<u>945.663.807</u>	<u>990.943.294</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Kostnaðarverð seldra vara .....		686.554.736	742.172.549
Laun og launatengd gjöld .....	3	202.699.425	192.328.102
Annar rekstrarkostnaður .....		41.033.698	43.411.720
Afskriftir .....	5	<u>10.391.845</u>	<u>10.505.602</u>
		<u>940.679.703</u>	<u>988.417.973</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>		4.984.104	2.525.321
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>	4		
Vaxtatekjur og verðbætur .....		8.714.371	7.244.330
Vaxtagjöld og verðbætur .....		(4.908.336)	(5.486.648)
Gengismunur .....		<u>(18.785)</u>	<u>0</u>
		<u>3.787.250</u>	<u>1.757.682</u>
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga .....	6	22.659.737	37.060.004
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>		31.431.090	41.343.007
Tekjuskattur .....	9	(1.758.031)	(860.261)
<b>Hagnaður ársins</b>		<u>29.673.060</u>	<u>40.482.746</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Efnislegar eignir:	5		
Fasteignir .....		137.439.247	141.217.388
Vélar, áhöld og innréttningar .....		24.118.835	27.036.803
Bifreiðar .....		1.543.476	1.727.076
		<u>163.101.558</u>	<u>169.981.267</u>
Fjáreignir:			
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....	6	323.760.137	301.100.400
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	7	6.988.715	6.988.715
Skuldabréfaeign .....	8	29.514.132	22.265.389
		<u>360.262.984</u>	<u>330.354.504</u>
Aðrir fastafjármunir:			
Tekjuskattseign .....	9	<u>1.095.120</u>	<u>1.490.565</u>
		<u>1.095.120</u>	<u>1.490.565</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		524.459.661	501.826.336
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....	10	132.680.578	120.585.422
Næsta árs afborgun skuldabréfaignar .....	8	9.983.967	6.150.029
Viðskiptakröfur .....	11	130.135.967	131.521.499
Krafa á tengda aðila .....	19	4.951.770	1.378.383
Aðrar skammtímakröfur .....	12	548.105	239.098
Handbært fé .....	13	63.843.187	65.608.546
		<u>342.143.574</u>	<u>325.482.977</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>866.603.236</u>	<u>827.309.313</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	14		
Stofnsjóður félagsmanna .....		1.936.312	1.824.579
Lögbundinn varasjóður .....		484.078	456.145
Sjóður til stuðnings mjólkurframleiðslu .....		24.378.163	22.295.839
Menningarsjóður .....		172.618	180.406
Bundinn hlutdeildarreikningur .....		190.598.658	167.938.921
Óráðstafað eigið fé .....		420.483.918	415.580.852
		638.053.747	608.276.742
<b>Skuldir</b>			
Langtímaskuldir:			
Lán til lengri tíma en árs .....	15	8.130.335	12.195.501
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir .....	16	146.356.198	133.889.207
Aðrar skammtímaskuldir .....	17	38.559.857	40.662.828
Skuld við tengda aðila .....	19	30.075.346	28.219.867
Næsta árs afborganir langtímalána .....	15	4.065.168	4.065.169
Ógreiddir skattar .....	9	1.362.585	0
		220.419.154	206.837.070
<b>Skuldir samtals</b>		228.549.489	219.032.572
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>866.603.236</u>	<u>827.309.313</u>
Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar	18		
Aðrar upplýsingar	18-19		

## Sjóðstreymi ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins .....		29.673.060	40.482.746
Rekstraraliðir sem ekki hafa áhrif á fjárdreymi:			
Afskriftir .....	5	10.391.845	10.505.602
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga .....	6	(22.659.737)	(37.060.004)
Aðrir liðir .....		(1.597.725)	(15.873)
		<u>15.807.443</u>	<u>13.912.471</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		1.076.525	10.391.646
Birgðir .....		(12.095.156)	(6.074.676)
Hækkun rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		11.726.606	148.457
		<u>707.974</u>	<u>4.465.427</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		16.515.418	18.377.898
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Kaupverð efnislegra eigna .....	5	(3.512.136)	(7.546.701)
Ný skuldabréfaeign .....		(16.254.453)	(9.034.089)
Afborganir skuldabréfaeignar .....		7.164.942	3.131.003
		<u>(12.601.647)</u>	<u>(13.449.787)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Greiddar afborganir langtímaskulda .....		(4.065.167)	(4.065.168)
(Hækkun) lækkun krafna á tengda aðila .....	19	(3.573.387)	2.800.791
Hækkun (lækkun) skulda við tengda aðila .....	19	1.855.479	(4.599.349)
Aðrar breytingar .....		103.945	(169.888)
		<u>(5.679.130)</u>	<u>(6.033.614)</u>
<b>(Lækkun) á handbæru fé</b>		(1.765.359)	(1.105.503)
Handbært fé í ársbyrjun .....		<u>65.608.546</u>	<u>66.714.049</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u>63.843.187</u>	<u>65.608.546</u>
<b>Aðrar upplýsingar:</b>			
Innborgaðar vaxtatekjur .....		8.714.287	6.970.157
Greiddir vextir .....		(4.908.336)	(5.486.648)
Greiddir skattar .....		0	(1.958.819)

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaðferðir

Kaupfélag Vestur-Húnvetninga er samvinnufélag með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Strandgötu 1, 530 Hvammstanga.

### 1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna samkvæmt settum reikningsskilareglum þurfa stjórnendur að meta ýmis atríði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Ársreikningur félagsins er lagður fram miðað við forsendur um mat eigna og skulda miðað við áframhaldandi rekstur.

### 1.2 Samanburðarfjárhæðir

Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs varðandi greiðslukortakrōfur sem teljast meðal viðskiptakrafna en voru áður sem aðrar skammtímakrōfur.

### 1.3 Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærðri sölu á vöru og þjónustu að frádregnum virðisaukaskatti og afsláttum. Tekjur af vörusölu eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda.

### 1.4 Aðrar tekjur

Umboðslaun eru tekjfærð á grundvelli fyrilliggjandi samninga. Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjármunum og eignarhlutum í félögum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi.

### 1.5 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjfærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldbréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjfærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjfærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

### 1.6 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok ársins. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreknaðar miðað við vísítölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2023. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

## Skýringar

### 1.7 Efnislegar eignir

Eignir eru skráðar meðal efnislegra eigna þegar líklegt er að hagrænn ávinnungur tengdur eigninni muni nýtast féluginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Um er að ræða efnislegar eignir sem eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð efnislegra eigna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Fasteignir .....	25-50 ár
Vélar, áhöld og innréttigar .....	3-8 ár
Bifreiðar .....	8 ár

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstóku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar a óráðstafað eigið fé.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur efnislegra eign er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### 1.8 Eignarhlutir í hlutdeildar- og öðrum félögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir til eignar samkvæmt hlutdeildaðferð. Samkvæmt þeiri aðferð er hlutdeild í hagnaði og tapi hlutdeildarfélaganna eftir kaup færð í rekstrarreikning og hlutdeild í öðrum hreyfingum á eigin fé færð á sérstakan eiginfjárréikning. Uppsöfnuð áhrif eftir kaup koma fram í bókfærðu verði eignarhluta í hlutdeildarfélögum. Hlutdeildarfélög eru félög þar sem félagið á að jafnaði milli 20 og 50% eignarhlut, eða hefur veruleg áhrif án þess að hafa bein yfirráð yfir þeim. Óinnleyustum hagnaði vegna viðskipta milli félagsins og hlutdeildarfélaga er eytt hlutfallslega miðað við eignarhlutdeild. Óinnleystu tapi er einnig eytt út hlutfallslega nema gangvirði eigna sé lægra en bókfært verð. Hætt er að taka tillit til hlutdeildaðar í tapi hlutdeildarfélags þegar bókfært verð er null nema félagið hafi gengist í ábyrgðir eða lánað hlutdeildarfélagini.

Eignarhlutar í félögum eru að jafnaði eignfærðir á kostnaðarverði.

Eignarhlutar sem tapast hafa vegna gjaldþrota, nauðasamninga eða eignaleysis viðkomandi félaga eru gjaldfærðir í rekstrarreikningi.

### 1.9 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

### 1.10 Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra. Kostnaðarverð ákvarðast í samræmi við meðalkostnaðaraðferð. Kostnaðarverð fullunninna vara og vara í viðslu samanstendur af efni, beinum launum, öðrum beinum kostnaði og óbeinum framleiðslukostnaði en ekki vaxtakostnaði. Dagverð er áætlað söluverð að frádregnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu varanna og sölukostnaði.

## Skýringar

### 1.11 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtíma verðbréfum til skemmtíma en 3ja mánaða.

### 1.12 Arður

Arður er færður í ársreikning þegar aðalfundur/hluthafafundur hefur samþykkt að greiða arðinn út.

### 1.13 Tekjuskattseign

Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattalegu talið tímabilsins og kemur til frádráttar á næstu reikningsárum, færst til eignar í efnahagsreikningi sem tekjuskattsinneign. Mismunur þessi stafar af því að skattalegt tap samkvæmt skattframtíði miðast við aðrar forsendur heldur en tap fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrr í ársreikningi en skattauppgjöri.

Reiknuð tekjuskattseign, vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar og yfirfærðs skattalegs taps, er færð í samræmi við settar reikningsskilareglur og að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni. Frádráttarbær tímabundinn mismunur stafar af því að bókfært verð eigna er lægra en skattalegt verð þeirra en mismunurinn verður frádráttarbær síðar við ákvörðun skattalegrar afkomu.

Reiknuð tekjuskattseign er metin með því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar á henni kemur.

### 1.14 Skuldabréfaeign

Skuldabréfaeign, sem ætlað er að eiga fram að gjalddaga, er færð á kostnaðarverði sem samanstendur af kaupverði og beinum kostnaði við öflun þeirra.

## 2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

### 2.1 Fjárhagslegir áhættuþættir

Starfsemi félagsins hefur í för með sér margvislega áhættu s.s. útlánaáhættu vegna krafna, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytingar. Áhættustjórnun félagsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

## Skýringar

### 3. Laun og launatengd gjöld

#### Starfsmannamál

	2022	2021
Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:		
Laun .....	166.380.277	156.638.508
Mótframlag í lífeyrissjóð .....	21.196.732	19.899.150
Önnur launatengd gjöld .....	<u>15.122.416</u>	<u>15.790.444</u>
	<u>202.699.425</u>	<u>192.328.102</u>

Hjá félagini störfuðu 37 starfsmenn í um 21 stöðugildi á árinu. Laun og þóknanir til stjórnenda námu 20,2 millj. kr.

Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

### 4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	Banka- reikningar	Langtíma- kröfur / skuldir	Aðrir liðir	Samtals 2022	Samtals 2021
Vaxtatekjur og verðbætur .....	1.067.459	2.608.702	5.038.210	8.714.371	7.244.330
Vaxtagjöld og verðbætur .....	(183.888)	(698.245)	(4.026.203)	(4.908.336)	(5.486.648)
Gengismunur .....	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>(18.785)</u>	<u>(18.785)</u>	<u>0</u>
	<u>883.571</u>	<u>1.910.457</u>	<u>993.222</u>	<u>3.787.250</u>	<u>1.757.682</u>

### 5. Efnislegar eignir

Efnislegar eignir og afskriftir greinast þannig 2021:

	Fasteignir	Vélar, áhöld og innréttigar	Bifreiðar	Samtals
Bókfært verð 1/1 .....	145.994.748	26.714.343	231.076	172.940.167
Viðbætur á árinu .....	807.746	5.038.955	1.700.000	7.546.701
Afskrifað á árinu .....	<u>(5.585.106)</u>	<u>(4.716.496)</u>	<u>(204.000)</u>	<u>(10.505.602)</u>
Bókfært verð 31/12 .....	<u>141.217.388</u>	<u>27.036.803</u>	<u>1.727.076</u>	<u>169.981.267</u>
 Bókfært verð í árslok 2021 greinist þannig:				
Kostnaðarverð .....	277.917.200	146.948.462	4.010.757	428.876.419
Afskrifað samtals .....	<u>(136.699.812)</u>	<u>(119.911.660)</u>	<u>(2.283.681)</u>	<u>(258.895.153)</u>
Bókfært verð í árslok .....	<u>141.217.388</u>	<u>27.036.803</u>	<u>1.727.076</u>	<u>169.981.267</u>

## Skýringar

### 5. Efnislegar eignir (frh.)

Efnislegar eignir og afskriftir greinast þannig 2022:

	Fasteignir	Vélar, áhöld og innréttningar	Bifreiðar	Samtals
Bókfært verð 1/1 .....	141.217.388	27.036.803	1.727.076	169.981.267
Viðbætur á árinu .....	1.846.621	1.665.515	0	3.512.136
Afskrifað á árinu .....	(5.624.762)	(4.583.483)	(183.600)	(10.391.845)
Bókfært verð 31/12 .....	<u>137.439.247</u>	<u>24.118.835</u>	<u>1.543.476</u>	<u>163.101.558</u>

Bókfært verð í árslok 2022 greinist þannig:

Kostnaðarverð .....	279.763.819	148.613.977	4.010.757	432.388.554
Afskrifað samtals .....	(142.324.572)	(124.495.143)	(2.467.281)	(269.286.996)
Bókfært verð í árslok .....	<u>137.439.247</u>	<u>24.118.835</u>	<u>1.543.476</u>	<u>163.101.558</u>

Fasteignir félagsins sundurliðast þannig:

	Fasteigna- mat	Brunabóta- mat	Bókfært verð
Strandgata 1, 530 Hvammstanga .....	264.300.000	1.322.090.000	137.439.247

Vátryggingarverð véla, áhalda, innréttингa og bifreiða er 118,5 milljónir króna í árslok.  
Vísað er til skýringar nr. 18 varðandi veðsetningu eigna fyrir skuldbindingum félagsins.

### 6. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast á eftirfarandi hátt:

	Reykjahöfði ehf. Sláturh. KVH ehf. Strandgötu 1, Norðurbraut 24, Hvammstanga Hvammstanga		
	25%	50%	Samtals
Staða 1/1 .....	2.409.456	298.690.944	301.100.400
Leiðrétt staða 1/1 vegna tekjuskattseignar .....	(239.758)	0	(239.758)
Hlutdeild í hagnaði .....	2.423.029	20.476.466	22.899.495
Staða 31/12 .....	<u>4.592.727</u>	<u>319.167.410</u>	<u>323.760.137</u>

### 7. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutd. í %	Nafnverð í lok árs	Bókfært verð í lok árs
Ámundakinn ehf .....	0,39%	923.631	1.638.945
Brauð- og kökugerðin hf .....	50,00%	600.000	600.000
Fóðurblandan hf .....	0,39%	3.688.770	3.688.770
Húnakorn ehf .....	5,71%	125.000	125.000
Ístex hf .....	1,31%	736.000	736.000
Selasetur Íslands ehf .....	14,07%	580.000	100.000
Selasigling ehf .....	3,85%	100.000	100.000
		<u>6.753.401</u>	<u>6.988.715</u>

## Skýringar

### 8. Skuldabréfaeign

Breyting skuldabréfaeignar á árinu greinist þannig:

	Staða 1.1	Ný skuldabréf	Afborganir	Verðbætur	Eftirstöðvar 31.12.2022
Óverðtryggð skuldabréf .....	8.980.952	10.154.453	(3.388.916)	0	15.746.489
Verðtryggð skuldabréf .....	19.434.466	6.100.000	(3.776.026)	1.993.170	23.751.610
Skuldabréfaeign samtals .....	<u>28.415.418</u>	<u>16.254.453</u>	<u>(7.164.942)</u>	<u>1.993.170</u>	<u>39.498.099</u>

Afborganir af skuldabréfaeign í árslok 2022 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2023 .....	9.983.967
Árið 2024 .....	9.789.524
Árið 2025 .....	8.839.229
Árið 2026 .....	4.288.743
Árið 2027 .....	2.304.912
Síðar .....	4.291.723
	<u>39.498.099</u>

Skuldabréfaeign, samtals 39,5 millj. króna, kemur þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2023, færðar meðal veltufjármuna .....	9.983.967
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar .....	29.514.131
	<u>39.498.099</u>

### 9. Tekjuskattseign og tekjuskattur

Breyting tekjuskattseigner á árinu greinist þannig:

Tekjuskattseign 1/1 .....	1.490.565
Tekjuskattur af reglulegri starfsemi .....	(1.758.031)
Tekjuskattur til greiðslu 2023 vegna 2022 .....	1.362.585
Tekjuskattseign 31/12 .....	<u>1.095.120</u>

Tekjuskattseign (tekjuskattsskuldbinding) greinist þannig á eftirfarandi liði:

	Staða 1.1.	Staða 31.12.
Efnislegar eignir .....	(3.495.029)	(3.551.429)
Vlöskiptakrífur .....	4.815.747	4.644.044
Gengismunur .....	0	2.505
Yfirfærðanlegt tap .....	<u>169.847</u>	<u>0</u>
	<u>1.490.565</u>	<u>1.095.120</u>

Reiknaður tekjuskattur félagsins af hagnaði fyrir skatta (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn þeiri fjárhæð sem kæmi út ef tekjuskattshlutfall er notað til útreikningsins sem hér greinir:

	2022	2021
Hagnaður fyrir skatta .....	<u>31.431.090</u>	<u>41.343.007</u>
Reiknaður tekjuskattur miðað við 20% skatthlutfall .....	6.286.218	8.268.601
Skattfrjálsar tekjur (varanl. mism., hlutdeildartekjur og söluhagn. eignarhluta) .....	(4.531.947)	(7.412.001)
Ófrádráttarbær gjöld .....	<u>3.760</u>	<u>3.660</u>
Reiknaður tekjuskattur í rekstrarreikningi .....	<u>1.758.031</u>	<u>860.261</u>

## Skýringar

### 10. Birgðir

		31.12.2022	31.12.2021
Birgðir greinast þannig:			
Kjörbúð .....	48.319.542	45.564.712	
Byggingavörudeild .....	22.573.805	21.764.633	
Pakkhus .....	61.787.231	53.256.077	
	<u>132.680.578</u>	<u>120.585.422</u>	

Vátryggingarverð birgða er 163,9 milljónir króna í árslok.

### 11. Viðskiptakröfur

		31.12.2022	31.12.2021
Viðskiptakröfur greinast þannig:			
Viðskiptamenn .....	134.364.505	133.166.011	
Greiðslukortakröfur .....	18.991.682	22.434.224	
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	(23.220.220)	(24.078.736)	
	<u>130.135.967</u>	<u>131.521.499</u>	

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast, og er hann dreginn frá eignfæröum viðskipta- og skammtímakröfum í efnahagsreikningi. Breyting niðurfærslureikningsins greinist þannig:

		31.12.2022	31.12.2021
Staða 1/1 .....	24.078.736	26.807.324	
Afskrifaðar tapaðar kröfur á árinu .....	0	(141.648)	
Lækkun afskriftareiknings .....	(858.516)	(2.586.940)	
Staða 31/12 .....	<u>23.220.220</u>	<u>24.078.736</u>	

### 12. Aðrar skammtímakröfur

		31.12.2022	31.12.2021
Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:			
Fjármagnstekjuskattur .....	455.196	171.586	
Fyrirframgreiðslur o.fl. .....	18.346	0	
Áfallnar vaxtatekjur af skuldabréfaeign .....	74.563	67.512	
	<u>548.105</u>	<u>239.098</u>	

### 13. Handbært fé

		31.12.2022	31.12.2021
Handbært fé greinast þannig í lok árs:			
Sjóður .....	417.405	669.344	
Óbundnar bankainnstæður .....	63.425.782	64.939.202	
	<u>63.843.187</u>	<u>65.608.546</u>	

## Skýringar

### 14. Eigið fé

Breytingar á eiginfjárreikningum greinast þannig:

Stofnsjóður félagsmanna:	2022	2021
Staða 1/1 .....	1.824.579	2.008.553
Innborganir - útborganir úr stofnsjóði .....	(10.362)	(244.823)
Vextir .....	156.496	77.989
Fjármagnstekjkuskattur .....	(34.401)	(17.140)
	1.936.312	1.824.579

### Annað eigið fé:

Lögbundinn varasjóður:		
Staða 1/1 .....	456.145	502.138
Breyting lögbundins varasjóðs á árinu .....	27.933	(45.994)
	484.078	456.145
Sjóður til stuðnings mjólkurframleiðslu:		
Staða 1/1 .....	22.295.839	21.265.683
Verðbætur .....	2.082.324	1.030.155
	24.378.163	22.295.839

Sjóðurinn var upphaflega 10 milljónir króna og er verðbættur frá þeim tíma sem hann var fullmyndaður. Tilgangur sjóðsins er stuðningur við mjólkurframleiðslu á svæði Kaupfélagsins. Verði Kaupfelagið lagt niður eða sameinað verður sjóðurinn í umsjón mjólkurframleiðenda í Húnaþingi vestra.

Eftirstöðvar lána úr sjóðnum til kvótakaupa í mjólkurframleiðslu voru í árslok 23.751.610 milljónir króna.

Menningarsjóður:		
Staða 1/1 .....	180.406	166.320
Tillög í sjóðinn .....	242.212	264.086
Veitt fé úr menningarsjóði .....	(250.000)	(250.000)
	172.618	180.406
Bundinn hlutdeildarreikningur:		
Staða 1/1 .....	167.938.921	130.878.917
Bundin hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga .....	22.659.737	37.060.004
	190.598.658	167.938.921

Bundinn hlutdeildarreikningur er færður í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga. Á reikninginn er færður mismunur á hlutdeild sem færð hefur verið í rekstrareikning vegna hlutdeildarfélaga og móttækis arðs frá hlutdeildarfélögum. Reikningurinn er leystur upp ef hlutdeildin er seld eða afskrifuð.

	2022	2021
Óráðstafað eigið fé:		
Staða 1/1 .....	415.580.852	413.142.272
Verðbætur sjóðs til stuðnings mjólkurframleiðslu .....	(2.082.324)	(1.030.155)
Hagnaður ársins .....	29.673.060	40.482.746
Bundin hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga .....	(22.659.737)	(37.060.004)
Breyting lögbundins varasjóðs á árinu .....	(27.933)	45.994
	420.483.918	415.580.852
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>638.053.747</b>	<b>608.276.742</b>

## Skýringar

### 15. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:

Innlend óverðtryggð lán í ISK .....	12.195.503
	<u>12.195.503</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok 2022 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2023 .....	4.065.168
Árið 2024 .....	4.065.168
Árið 2025 .....	<u>4.065.168</u>
	<u>12.195.503</u>

Langtímaskuldir samtals 12,2 milljónir króna koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2023, færðar meðal skammtímaskulda .....	4.065.168
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar .....	<u>8.130.335</u>
	<u>12.195.503</u>

### 16. Viðskiptaskuldir

	31.12.2022	31.12.2021
Viðskiptaskuldir greinast þannig:		
Viðskiptaskuldir, almennar .....	64.690.252	70.603.577
Skuldir við fyrirtæki og stofnanir .....	<u>81.665.946</u>	<u>63.285.630</u>
	<u>146.356.198</u>	<u>133.889.207</u>

### 17. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig í lok árs:	31.12.2022	31.12.2021
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	7.712.059	13.885.597
Orlofsskuldbinding .....	13.052.346	11.666.093
Virðisaukaskattur .....	17.678.629	15.033.022
Ógreiddur innheimtur fjármagnstekjkattur .....	45.598	28.337
Áfallnir vextir af langtímalánum .....	<u>71.225</u>	<u>49.776</u>
	<u>38.559.857</u>	<u>40.662.825</u>

## Skýringar

### 18. Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

#### Veðsetningar

Kaupfélagið hefur gefið út tryggingabréf til handa Landsbankanum hf. vegna skulda sinna að fjárhæð 50 milljónir króna með veði í fasteignum og tækjum. Uppreknuð staða tryggingabréfsins 31.12.2022 var tæpar 115 milljónir króna.

#### Ábyrgðarskuldbindingar

Kaupfélagið hefur gengist í sjálfskuldarábyrgð til handa Landsbankanum allt að fjárhæð 17,0 milljónir króna vegna lána Reykjahöfða ehf. Uppreknuð staða lánanna 31.12.2022 var 3,0 milljónir króna.

### 19. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru hlutdeildarfélög, stjórn félagsins, framkvæmdastjóri og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Árið 2022	Seldar vörur og þjónusta	Keyptar vörur og þjónusta	Viðskiptakröfur	Viðskiptaskuldir
Sláturnhús KVH ehf. (hlutdeildarfélag) .....	12.377.523	10.351.244	0	429.159
Reykjarhöfði ehf. (hlutdeildarfélag) .....	841.313	0	1.531.979	0
Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri .....	16.523.718	0	3.419.791	29.646.187
	29.742.554	10.351.244	4.951.770	30.075.346
Árið 2021	Seldar vörur og þjónusta	Keyptar vörur og þjónusta	Viðskiptakröfur	Viðskiptaskuldir
Sláturnhús KVH (hlutdeildarfélag) .....	12.351.823	10.034.522	0	235.395
Reykjarhöfði ehf. (hlutdeildarfélag) .....	552.016	0	1.130.520	0
Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri .....	19.725.094	119.644	247.863	27.984.472
	32.628.933	10.154.166	1.378.383	28.219.867

Reykjarhöfði ehf er í sameiginlegrí eigu Kaupfélagsins (25%), Sláturnhúss KVH ehf (50%) og annarra aðila (25%).